



Góð ávöxtun á árinu 2014

Vel tókst til við ávöxtun eigna Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR) og Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga (LH) á árinu 2014 og var ávöxtunin vel fyrir ofan meðalávöxtun allra lífeyrissjóða á Íslandi.

Nafnávöxtun LSR var 10,1% á árinu, hrein raunávöxtun var 8,9% og meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu fimm árin var 5,7%. Nafnávöxtun LH var 10,6% á árinu, hrein raunávöxtun var 9,3% og meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu fimm árin var 5,9%.

Tekjur af fjárfestingarstarfsemi LSR og LH voru 52,2 milljarðar króna á árinu 2014 og samanlagðar eignir sjóðanna voru 562,8 milljarðar króna í árslok. Undanfarin þrjú ár hafa eignir LSR og LH aukist um 161 milljarð króna. Það má að stærstum hluta rekja til ávöxtunar sjóðanna því á sama tíma hafa tekjur af fjárfestingum numið 158,8 milljörðum króna.

Verðbréfaeign sjóðanna er vel dreifð í innlendum og erlendum verðbréfum. Í árslok 2014 voru 51,6% af eignum sjóðsins í skuldabréfum, þar af 32,3% í skuldabréfum með ríkisábyrgð, 12% í innlendum hlutabréfum og hlutdeildarskírteinum, 31,8% í erlendum hlutabréfum og hlutdeildarskírteinum og 4,6% í innlánum.

Hækkunar á innlendum og erlendum hlutabréfamörkuðum ásamt styrkingu dollars gagnvart krónu skiluðu góðri ávöxtun í safni verðbréfa hjá LSR og LH. Nafnávöxtun erlendra hlutabréfa og hlutdeildarskírteina var 15,6% á árinu reiknað í íslenskum krónum, sem jafngildir 14,4% raunávöxtun. Nafnávöxtun innlenda hlutabréfasafnsins var 12,5%, sem jafngildir 11,3% raunávöxtun. Innlent skuldabréfasafn sjóðanna skilaði ágætri ávöxtun á árinu; nafnávöxtun safnsins var 6% sem jafngildir 5% raunávöxtun.

Séreignarsparnaður er þriðja stoðin

Íslenska lífeyrissjóðakerfið er byggt upp á þremur meginstoðum sem saman gefa góð lífeyrisréttindi. Almannatryggingar, lífeyrissjóðir og frjáls viðbótarlífeyrissparnaður mynda þessar þrjár meginstoðir. Allar þrjár stoðirnar þurfa að vinna vel saman til að skapa eina heild. Það er því mjög mikilvægt að taka þátt í viðbótarlífeyrissparnaði og spara auka-

lega í séreignarsjóð. Séreign LSR byggir á traustum grunni LSR og leggur áherslu á örugga vörslu viðbótarlífeyrissparnaðar. Sjóðfélagar í Séreign LSR geta valið um þrjár ólíkar fjárfestingarleiðir auk Sér-leiðar, þar sem fjárfestingarstefna breytist sjálfkrafa eftir aldri. Nánari upplýsingar um Séreign LSR er hægt að sækja á vef LSR, www.lsr.is.

Lán á góðum kjörum

LSR veitir lán til einstaklinga á góðum kjörum. Lánin eru veitt gegn veði í fasteign og gegn því að sýnt sé fram á greiðslugetu. Lánsrétt hafa allir þeir sem hafa einhvern tímunn greitt í sjóðinn, eru í stéttarfélagi með aðild að sjóðnum, hafa yfirtekið LSR lán með kaupum á fasteign og lífeyrisþegar. Nánari upplýsingar um lánin er hægt að fá hjá þjónusturáðgjöfum sjóðsins og á vefsíðu LSR, www.lsr.is.

Lífeyrir

Með greiðslu í lífeyrissjóð ávinna sjóðfélagar sér rétt til ævilangs lífeyris. Komi til þess að sjóðfélagi verði fyrir orkutapi vegna sjúkdóms eða slyss þannig að starfsgeta hans skerðist, getur verið réttur á örorkulífeyri. Þá á maki sjóðfélaga sem greitt hefur í lífeyrissjóð í tiltekinn tíma rétt á makalífeyri. Að lokum er barnalífeyrir greiddur falli sjóðfélagi frá eða hann fær greiddan elli- eða örorkulífeyri. Mismunandi reglur gilda um A-deild LSR, B-deild LSR og LH og er nánari upplýsingar um hverja deild að finna á vefsíðu LSR, www.lsr.is. Einnig er vakinn athygli á að á sjóðfélagavefnum er lífeyrisgáttin þar sem finna má á einum stað upplýsingar um áunnin lífeyrisréttindi sjóðfélaga í íslenskum lífeyrissjóðum.

Kynninga- og fræðslufundur um lífeyrismál

12. og 13. maí 2015

Hægt er að velja um að mæta kl. 8:30-10:00 eða kl. 16:30-18:00.

Nauðsynlegt er að skrá sig fyrir 11. maí nk. með því að hringja í síma 510-6100 eða senda tölvupóst á netfangið lsr@lsr.is og tilgreina nafn, kennitölu og val á tímasetningu. Einnig er hægt að senda spurningar, sem óskað er eftir að svarað verði á fundinum.

B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins

Upplýsingar um starfsemi á árinu 2014

Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2014

	2014	2013
Iðgjöld	2.240,8	2.338,7
Framlag ríkisins til jöfnunar á örorkubyrði	99,0	110,9
Lífeyrishækkunar	10.228,2	9.372,5
Uppgreiðslur og innborganir v/skuldbindinga	1.515,2	1.604,7
Lífeyrir	-29.019,2	-26.398,7
Fjárfestingartekjur	23.002,0	21.768,3
Breytingar á niðurfærslu	2.613,4	599,3
Framvirkir gjaldmiðlavarnasamningar	43,9	68,9
Fjárfestingargjöld	-166,0	-188,9
Rekstrarkostnaður	-267,6	-270,1
Aðrar tekjur	12,9	14,9
Hækkun á hreinni eign á árinu	10.302,7	9.020,3
Hrein eign frá fyrra ári	217.024,2	208.003,9
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris	227.326,9	217.024,2

Fjárhæðir í milljónum króna

Efnahagsreikningur 31.12.2014

	2014	2013
Verðbréf með breytilegum tekjum	117.129,2	101.818,5
Verðbréf með föstum tekjum	73.475,3	82.446,2
Veðlán	30.278,4	32.191,4
Aðrar fjárfestingar	104,2	158,1
Bankainnistæður	6.615,9	4.089,5
Kröfur	978,3	833,4
Aðrar eignir	25,8	27,4
Eignir samtals	228.607,1	221.564,4
Framvirkir gjaldmiðlavarnasamningar	0,0	3.488,0
Aðrar skuldir	1.280,2	1.052,2
Skuldir samtals	1.280,2	4.540,2
Hrein eign til greiðslu lífeyris	227.326,9	217.024,2
Eignir utan efnahagsreiknings	270.722,1	255.252,6


Fjárhæðir í milljónum króna

Kennitölur

	2014	2013
Nafnávöxtun	12,2%	11,0%
Hrein raunávöxtun	10,9%	7,0%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 5 ára	6,4%	4,8%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 10 ára	2,7%	2,6%
Eignir í íslenskum krónum	55,4%	60,4%
Eignir í erlendum gjaldmiðlum	44,6%	39,6%
Rekstrarkostnaður í hlutfalli af eignum	0,11%	0,12%
Fjárfestingargjöld í hlutfalli af eignum	0,07%	0,09%
Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga	3.450	3.856
Meðalfjöldi lífeyrisþega	12.993	12.545

Hrein eign til greiðslu lífeyris

(í milljó. kr.)



Stjórn LSR

Árni Stefán Jónsson, formaður
Gunnar Björnsson, varaformaður
Áslaug María Friðriksdóttir
Guðlaug Kristjánsdóttir
Guðrún Ögmundsdóttir
Viðar Helgason
Þórður Á. Hjaltested
Þórveig Þormóðsdóttir

Framkvæmdastjóri

Haukur Hafsteinnsson

Ársfundur

Ársfundur LSR og LH verður haldinn
fimmtudaginn 21. maí nk. kl. 15:00
í húsnæði LSR við Engjateig 11.
Fundurinn er opin öllum sjóðfélögum
og launagreiðendum.



LSR

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins

A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins

Upplýsingar um starfsemi á árinu 2014

Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2014

	2014	2013
Iðgjöld	19.791,8	18.179,6
Framlag ríkisins til jöfnunar á örorkubyrði	135,4	118,0
Lífeyrir	-3.510,9	-2.689,0
Fjárfestingartekjur	22.665,9	22.483,7
Breytingar á niðurfærslu	428,5	462,7
Framvirkir gjaldmiðlavarناسamningar	19,6	32,1
Fjárfestingargjöld	-184,6	-188,8
Rekstrarkostnaður	-143,9	-115,3
Aðrar tekjur	12,9	13,6
Hækkun á hreinni eign á árinu	39.214,7	38.296,7
Hrein eign frá fyrra ári	256.743,5	218.446,8
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris	295.958,3	256.743,5

Fjárhæðir í milljónum króna

Efnahagsreikningur 31.12.2014

	2014	2013
Verðbréf með breytilegum tekjum	112.487,6	92.104,4
Verðbréf með föstum tekjum	140.449,7	119.311,8
Veðlán	29.460,9	28.510,7
Aðrar fjárfestingar	82,6	101,5
Bankainnistæður	12.389,2	16.666,0
Húseignir og lóðir	450,9	457,9
Kröfur	1.445,6	1.271,6
Aðrar eignir	25,8	27,4
Eignir samtals	296.792,4	258.451,4
Framvirkir gjaldmiðlavarناسamningar	532,3	1.559,0
Aðrar skuldir	301,9	148,8
Skuldir samtals	834,2	1.707,8
Hrein eign til greiðslu lífeyris	295.958,3	256.743,5

Fjárhæðir í milljónum króna

Kennitölur

	2014	2013
Nafnávöxtun	8,7%	10,1%
Hrein raunávöxtun	7,5%	6,1%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 5 ára	5,0%	4,0%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 10 ára	2,2%	2,3%
Eignir í íslenskum krónum	76,4%	75,9%
Eignir í erlendum gjaldmiðlum	23,6%	24,1%
Rekstrarkostnaður í hlutfalli af eignum	0,05%	0,04%
Fjárfestingargjöld í hlutfalli af eignum	0,07%	0,09%
Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga	23.313	23.066
Meðalfjöldi lífeyrisþega	3.709	3.168


Lífeyrisskuldbindingar skv. tryggingafræðilegri úttekt

	2014	2013
Eignir umfram áfallnar skuldbindingar	4.812	-5.748
Í hlutfalli af áföllnum skuldbindingum	1,6%	-2,2%
Eignir umfram heildarskuldbindingar	-55.628	-63.147
Í hlutfalli af heildarskuldbindingum	-9,6%	-11,7%

Fjárhæðir í milljónum króna

Hrein eign til greiðslu lífeyris

(í milljó. kr.)



Stjórn LSR

Árni Stefán Jónsson, formaður
Gunnar Björnsson, varaformaður
Áslaug María Friðriksdóttir
Guðlaug Kristjánsdóttir
Guðrún Ögmundsdóttir
Viðar Helgason
Þórður Á. Hjaltastéd
Þorveig Þormóðsdóttir

Framkvæmdastjóri

Haukur Hafsteinsson

Ársfundur

Ársfundur LSR og LH verður haldinn fimmtudaginn 21. maí nk. kl. 15:00 í húsnæði LSR við Engjateig 11. Fundurinn er opin öllum sjóðfélögum og launagreiðendum.



Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins

Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga

Upplýsingar um starfsemi á árinu 2014

Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2014

	2014	2013
Iðgjöld	225,1	234,5
Framlag ríkisins til jöfnunar á örorkubyrði	22,9	22,9
Lífeyrishækkunar	1.065,9	938,5
Uppgreiðslur og innborganir v/skuldbindinga	150,2	111,5
Lífeyrir	-2.744,3	-2.475,5
Fjárfestingartekjur	2.656,0	2.639,7
Breytingar á niðurfærslu	44,2	107,0
Framvirkir gjaldmiðlavarnasamningar	11,5	9,2
Fjárfestingargjöld	-27,2	-29,5
Rekstrarkostnaður	-39,5	-35,7
Aðrar tekjur	1,3	1,3
Hækkun á hreinni eign á árinu	1.366,0	1.523,8
Hrein eign frá fyrra ári	25.993,2	24.469,4
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris	27.359,3	25.993,2

Fjárhæðir í milljónum króna

Efnahagsreikningur 31.12.2014

	2014	2013
Verðbréf með breytilegum tekjum	14.226,3	12.589,3
Verðbréf með föstum tekjum	9.982,1	10.245,0
Veðlán	2.127,2	2.358,5
Aðrar fjárfestingar	54,8	0,0
Bankainnistæður	1.215,8	1.126,2
Kröfur	34,0	60,4
Aðrar eignir	5,7	6,1
Eignir samtals	27.645,9	26.385,5
Framvirkir gjaldmiðlavarnasamningar	162,7	290,8
Aðrar skuldir	124,0	101,5
Skuldir samtals	286,6	392,3
Hrein eign til greiðslu lífeyris	27.359,3	25.993,2
Eignir utan efnahagsreiknings		
Krafa á launagreiðendur skv. 20. gr. laga nr. 2/1997	38.949,5	36.424,2


Fjárhæðir í milljónum króna

Kennitölur

	2014	2013
Nafnávöxtun	10,6%	11,4%
Hrein raunávöxtun	9,3%	7,3%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 5 ára	5,9%	4,5%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 10 ára	2,2%	2,2%
Eignir í íslenskum krónum	55,3%	58,3%
Eignir í erlendum gjaldmiðlum	44,7%	41,7%
Rekstrarkostnaður í hlutfalli af eignum	0,14%	0,14%
Fjárfestingargjöld í hlutfalli af eignum	0,10%	0,12%
Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga	351	382
Meðalfjöldi lífeyrisþega	946	908

Hrein eign til greiðslu lífeyris

(í milljó. kr.)



Stjórn LH

Oddur Gunnarsson, formaður
Ragnheiður Gunnarsdóttir, varaformaður
Guðjón Hauksson
Halldóra Friðjónsdóttir

Framkvæmdastjóri
Haukur Hafsteinnsson

Ársfundur

Ársfundur LSR og LH verður haldinn fimmtudaginn 21. maí nk. kl. 15:00 í húsnæði LSR við Engjateig 11. Fundurinn er opinn öllum sjóðfélögum og launagreiðendum.



Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins